



AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028

Breyting á aðalskipulagi – Gilsárvirkjun

25.06.2025



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið

skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Múlapings

þann 15.12.25

Hugrún Hjólmarisdóttir

f.h. Múlapings



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann 17.3.26

Ólafur Gunnarsson



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

2378-025-14-ASK-001-V07

HÖFUNDUR

Kamma Dögg Gísladóttir

RÝNT

Sigurður Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	5
2.1	Fyrirhuguð framkvæmd	5
2.2	Umhverfispættir	6
2.2.1	Skipulagssvæðið og staðhættir	6
2.2.2	Minjar	6
2.2.3	Gróður	6
2.2.4	Dýralíf	7
2.2.5	Jarðmyndanir	7
2.2.6	Vatnafar og vatnalíf	7
2.2.7	Landslag og ásynð	8
2.2.8	Samfélag	8
2.3	Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur	8
2.3.1	Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	9
2.3.2	Orkustefna til ársins 2050	9
2.3.3	Landsskipulagsstefna 2024-2038	9
2.3.4	Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044	9
2.3.5	Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028	9
2.3.6	Verndaráætlanir	10
2.3.7	Deiliskipulag	10
2.3.8	Umhverfisstefna Orkusölnunnar	10
2.3.9	Orkustofnun	10
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	11
3.1	Breyting á sveitarfélagsupphætti B	11
3.2	Breyting á greinargerð	11
4	UMHVERFISSKÝRSLA	12
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	12
4.2	Valkostir og samanburður	13
4.3	Umhverfispættir og viðmið	13
4.4	Umhverfisáhrif	14
4.5	Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta	16
4.6	Niðurstaða sveitarstjórnar	16
5	MÁLSMEDFERÐ OG SAMRÁÐ	17
5.1	Skipulags- og matslýsing	17
5.2	Auglýsing á vinnslutillögu	17
5.3	Auglýsing á tillögu	17

5.4	Breyting að lokinni auglýsingu dags. 14.11.2025	17
5.5	Umsagnaraðilar	17
6	BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTUR	19

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Vægi áhrifa	12
Tafla 2. Yfirlit yfir umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.	13
Tafla 3. Samantekt á umhverfisáhrifum.	16

1 INNGANGUR

Sveitarfélagið Múlaþing setur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfismatsskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Breyting felur í sér að skilgreina nýtt iðnaðarsvæði og 7 ný efnistökusvæði í Gilsárdal í Múlaþingi vegna fyrirhugaðrar Gilsárvirkjun. Unnið verður deiliskipulag fyrir framkvæmdina samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Fyrirhuguð virkjun fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, n.t.t. í tölulið:

- **3.15** Vatnsorkuver, utan þess sem fellur undir tölulið 3.02, með uppsett rafafli 200 kW eða meira, í B flokk.

Í B flokki eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati samkvæmt lögum. Í samræmi við fyrrgreind ákvæði var unnin greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu af Eflu verkfræðistofu, dagsett 22.09.2023. Skipulagsstofnun lagði fram álit sitt í janúar 2024 að framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum og er það matsferli í gangi.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi og eftirfarandi skipulagsuppdráttir:

- Gildandi sveitarfélagsuppdráttur B í mkv. 1:30.000
- Breyttur sveitarfélagsuppdráttur B í mkv. 1:30.000

2 FORSENDUR

2.1 Fyrirhuguð framkvæmd

Í gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði. Með breytingu aðalskipulagsins verður um 55,4 ha svæði breytt í iðnaðarsvæði (I) og 7 ný efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) skilgreind. Á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir að reisa 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar allt að 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, uppbyggingu vegar og frágangi á 6.100 m langri niðurgrafinni aðrennslispípu og safnlögnum. Reist verður lág inntaksstífla, hæst 12 m, um 1,2 km ofan ármóta Innri-Lambadalsár og Gilsár, áformuð yfirfallshæð er 361 m.y.s. Stíflan og lónið eru að stærstum hluta í núverandi farvegi Gilsár. Inntakslónið verður um 1,6 ha. Hliðarinntak verður í Innri-Lambadalsá, þaðan verður lögð um 280 m löng safnlögn að þrýstipípu. Einnig er möguleiki á hliðarinntaki í Ytri-Lambadalsá með um 580 m langri safnlögn. Vatni verður veitt um niðurgrafna aðrennslispípu í landi Gilsárteigs I og II að stöðvarhúsi í giliu skammt ofan Nykurfossa. Pípuleiðin mun að mestu liggja meðfram núverandi vegi upp dalinn, en vegurinn er sýndur á gildandi aðalskipulagi. Frárennsli virkjunarinnar verður ofan

við efri fossinn sem er ekki fiskgengur. Núverandi vegur upp dalinn verður styrktur þar sem hann liggur meðfram pípuleiðinni, en þar sem víkja þarf frá slóðanum verður gerður nýr vegur.

Áætluð efnisþörf er 65.000 m³ og er aðallega vegna vegagerðar að inntaki, í jarðvegshluta stíflu og efni meðfram þrýstipípu í skurði. Gert er ráð fyrir að efni verði að mestu tekið úr nýjum námum á og nærri virkjunarsvæðinu á um samtals 2,4 ha svæði. Efnisnámurnar eru flestar í berum malarhólum á yfirborði við pípuleið að undanskilinni námu sem er í lónstæði virkjunarinnar og fer undir vatn að framkvæmdum loknum.

Við lok framkvæmdar er gengið frá námum á viðeigandi hátt, röskuð svæði verða mótuð og löguð að aðliggjandi landi svo þau falli sem best að umhverfinu.

2.2 Umhverfisþættir

2.2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Virkjunin er í Gilsárdal í Eiðabínghá og nýtir vatn úr Gilsá. Gilsá rennur frá Vestdalsvatni um Gilsárdal til norðvesturs niður á láglandi milli bæjanna Gilsárteigs I-II og Ormsstaða I-II. Gilsárdalur er að mestu gróinn lágum mólendisgróðri, með malarflákum inn á milli. Nokkuð er um berar klappir og kletta næst Gilsá. Aðeins er votlendi að finna á neðri hluta framkvæmdasvæðis, en það er að mestu á gilbarminum og er rask á votlendi því í lágmarki. Grófur vegslóði liggur upp dalinn að Innri-Lambadalsá. Einnig liggur ljósleiðari upp dalinn og yfir til Seyðisfjarðar. Aðkoma að svæðinu er um Gilsárteigsveg (nr.948) og um veg að Gilsárteigi I og II.

2.2.2 Minjar

Árin 2022 og 2024 var unnin fornleifaskráning innan framkvæmdarsvæðisins, frá Gilsárteigi og austur upp með Gilsá. Skráning var unnin af Rannveigu Þórhallsdóttur fornleifafræðingi hjá Sagnabrunni ehf¹. Alls voru skráðar 11 minjar og 4 minjar af þeim eru metnar í hættu vegna nálægðar við framkvæmdasvæðið og skulu þær girtar af á framkvæmdartíma. Engar friðlýstar minjar eru á svæðinu. Ekki má fara í framkvæmdir á minjastöðunum án samráðs við Minjastofnun Íslands.

Komi áður óþekktar minjar í ljós á framkvæmdatíma skal hafa samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

2.2.3 Gróður

Gróðurfar innan framkvæmdasvæðis er dæmigert fyrir Úthérað og er markað af margra alda beit og einkennist af grónum og hálfgróum fjalldrapa- og lyngmóum, melum og mýrarflákum. Flestar mýrar halla nokkuð sem veldur því að vatn er á hreyfingu og teljast því hallamýrar. Eftir því sem hærra kemur

¹ Rannveig Þórhallsdóttir, 2022. *Fornleifaskráning vegna virkjanaframkvæmda hjá Gilsá, Eiðabínghá, Múlþingi. Sagnabrunnur.*

í landið er svæðið gróður rýrara og gróðurþekjan rofnari. Í dag er svæðið nýtt sem beitoland og meðfram gilbrúninni í Gilsárdal liggur jeppaslóði. Engar friðlýstar tegundir eða tegundir á valista eru á svæðinu.

2.2.4 Dýralíf

Í fuglaathugun sem gerð var á svæðinu í júní 2022 sáust 9 tegundir fugla og ummerki um eina tegund til viðbótar. Fjórar tegundir sem sáust eru á valista Náttúrufræðistofnunar og fimm þeirra eru ábyrgðartegundir Íslands. Þær fuglategundir sem sáust þá voru Heiðlóa, Straumönd, Þúfuttlingur, Rjúpa, Hrafn, Jaðrakan, Spói, Kjói, Smyrill og Kría. Önnur athugun var svo gerð í ágúst árið 2024² og sáust þá Straumendur, Heiðlóa, Heiðagæsir, Snjótittlingur, Skógarþröstur og Hrossagaukur. Líklegt er að þessar tegundir séu varpfuglar í Gilsárdal og nágrenni.

Gilsárdalur liggur syðst á veiðisvæði 3 fyrir hreindýraveiðar og flest ár eru einhver dýr veidd í nágrenninu, einkum þá í fjöllum norðan og austan við dalinn. Hreindýr hafa einnig sést í vetrartalningum, í janúar 2002 sáust 25 hreindýr í Gilsárdal og í mars 2014 sást 21 hreindýr ofan Gilsárteigs. Bendir það til þess að þau nýti sér mismunandi hluta svæðisins árið um kring.

2.2.5 Jarðmyndanir

Í Gilsá eru nokkrir fossar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stærstur þeirra er Olnbogafoss en aðrir fossar eru minni og nafnlausir. Engar aðrar jarðmyndanir eru í Gilsárdal sem njóta verndar og er jarðfræði svæðisins dæmigerð fyrir Austurland. Áin hefur sorfið gljúfur niður í berggruninn. Berggrunnur svæðisins er blágrýti eldra en 3,3 milljón ára. Beggja vegna við botn dalsins má sjá nokkuð afgerandi hjallamyndun og jökulmyndanir. Hjallar, hólar og malarásar eru víða og fremst í dalnum eru hjallarnir ráðandi setmyndun.

2.2.6 Vatnafar og vatnalíf

Gilsá er dragá með lítil lindaráhrif svo rennsli árinna er mjög breytilegt á milli árstíða. Gilsá er yfirborðsvatnshlot sem flokkast sem straumvatn. Skv. vatnavefsjá Veðurstofu Íslands er Gilsá af vatnagerðinni RL1 þ.e.a.s. bergvatn á eldri bakgrunni á láglandi og er afmörkuð í tvö vatnshlot:

- Gilsá 1, með vatnshlotanúmerið 102-1109-R og nær frá ármótum við Þverá og niður að ármótum við Núpsá.
- Gilsá 2, með vatnshlotanúmerið 102-1225-R og nær frá upptökum í Vestdalsvatni og niður að ármótum við Þverá.

Bæði vatnshlotin er metin með mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand skv. vatnavefsjá Veðurstofu Íslands.

² Erlín Emma Jóhannsdóttir og Halldór W. Stefánsson. 2025. „Rannsóknir vegna fyrirhugaðrar Gilsárvirkjunar, -vatnalífriki og fuglar“. Náttúrustofa Austurlands.

Áin er fiskgeng upp að Nykurfossum en þar er jafnframt efsta og sjöunda veiðisvæðið í ánni. Rannsókn var gerð á seiðum, botndýralífi og vatnsgæðum í ánni sumarið 2024 og þá fundust engin seiði ofan við Nykurfoss. Rannsókn á vatnsgæðum í ánni var gerð til að meta ástand og áhrif á vatnshlotið í samræmi við vatnatilskipun og voru allir gæðapættir metnir með mjög gott ástand. Jafnframt leiddi rannsóknin í ljós að áin er, eins og flokkun hennar skv. stjórn vatnamála gefur til kynna, næringarsnauð og með lága frumframleiðni og endurspeglast það í litlu magni og litlum fjölbreytileika hryggleysingja, einkum þó á þeim kafla þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar³.

2.2.7 Landslag og ásjúnd

Í Gilsárdal er engin byggð og mannvirki önnur en jeppaslóði upp dalinn og göngubrú yfir Innri-Lambadalsá. Dalurinn er með ávalar línur að undanskildu gljúfrinu sjálfu og er yfirborð nokkuð einsleitt, slétt mólendi og melar eftir því sem hærra er farið. Sjónlengdir eru fremur stuttar sökum fjalla og hæða í kring, en þegar komið er neðar í dalinn blasir útsýni yfir stóran hluta Eiðapínghá og Hróarstungu handan Lagarfljóts. Svæðið neðan Gilsárgljúfra er að mestu landbúnaðarsvæði með túnnum, mannvirkjum, vegum og skógrækt. Í um 3 km fjarlægð er þéttbýlið Eiðar.

2.2.8 Samfélag

Gilsárdalur er í dag einkum nýttur sem beutiland og í útivist. Landbúnaður er stundaður í nágrenninu þar sem sauðfjárrækt er ríkjandi búgrein. Framkvæmdasvæðið sjálft er ekki nýtt til annars en beitar fyrir sauðfé en tún og annað ræktarland er utan framkvæmdasvæðis. Engin skipulögð ferðaþjónusta er í Gilsárdal en dalurinn er nýttur til útivistar einkum skotveiði, göngu-, gönguskíða- og vélsleðaferðir.

Undanfarin ár hafa fyrirtæki á Austurlandi mátt búa við raforkuskort sem veldur því að þau þurfa í sífellt meira mæli að brenna þúsundir tónna af olíu til raforkuframleiðslu. Byggðarkjarnar sem treysta á fjarvarmaveitu hafa einnig þurft að brenna olíu og timburkurli síðustu ár. Fyrirtæki hafa neyðst til að fjárfesta í olíukötlum og díselrafstöðum til að bregðast við þessum raforkuskorti. Haustið 2024 gerðu meðal annars RARIK og Landsvirkjun samning um að Landsvirkjun sjái fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar fyrir forgangsortu næstu fjögur árin meðan unnið er að lausn í orkumálum á Seyðisfirði og nágrenni.

2.3 Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Við vinnslu breytingarinnar er horft til eftirfarandi áætlana og stefnumiða:

³ Erlín Emma Jóhannsdóttir og Halldór W. Stefánsson. 2025. „Rannsóknir vegna fyrirhugaðrar Gilsárvirkjunar, -vatnalífriki og fuglar“. Náttúrustofa Austurlands.

2.3.1 Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Skv. Vatnaáætlun 2022-2027 er vatnshlot sem um ræðir yfirborðsvatnshlot af gerðinni straumvatnshlot. Vatnaáætlunin byggir á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og er það umhverfismarkmið laganna að:

- Öll yfirborðsvatnshlot skulu vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi.
- Öll yfirborðsvatnshlot skulu vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu.

2.3.2 Orkustefna til ársins 2050

Í orkustefnu til ársins 2025 eru sett fram markmið um að auka fjölbreytni í orkumálum sem stuðlar að bættu orkuöryggi og sveigjanleika orkukerfisins. Einnig eru sett fram markmið um að gætt sé að náttúruvernd við orkunýtingu. Virkjanir raforku, hvort sem um er að ræða vatnsorku, jarðvarma, vindorku og innviði þeim tengda, hafa áhrif með sýnilegum hætti í umhverfinu. Framtíðarorkuvinnslu þarf að finna stað í skipulagi þar sem mest sátt ríkir um staðsetningu þeirra, jafnframt því sem umhverfisáhrif verði lágmörkuð eins og kostur er.

2.3.3 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna leggur áherslu á við skipulagsgerð orkunýtingar sé gætt að náttúruvernd með því að skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu skulu falla sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Einnig er lögð áhersla í landsskipulagsstefnu að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns með því að skipulag í dreifbýli sé í samræmi við gildandi vatnaáætlun og þekkingu á stöðu vatnshlota og að litið verði til mögulegs álags á vatnshlot vegna uppbyggingar mannvirkja, iðnaðar og landbúnaðar.

2.3.4 Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Í Svæðisskipulagi Austurlands er sett fram stefna um orku, fjarskipti og fráveitu. Þar kemur fram að markmið er að orkulindir nýtist til eflingar byggðar í landshlutanum. Við ákvörðun um nýtingu vatns, jarðhita og vinds til orkuframleiðslu verði sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði höfð að leiðarljósi og byggt á greiningu á orkukostum og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag.

2.3.5 Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028

Skv. gildandi Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði. Breytingin er í samræmi við stefnu aðalskipulagsins þar sem segir m.a. að:

„Auðlindanotkun sveitarfélagsins, íbúa og fyrirtækja miði að því að draga sem mest úr notkun jarðefnaeldsneytis um leið og áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa“

„Sveitarfélagið vill greiða götu þeirra sem vilja virkja orku í smáum stíl enda verði í skilmálum deiliskipulags gerð skýr krafa um vandaðan frágang og minnstu möguleg umhverfisáhrif, þótt ekki sé um tilkynningarskylda framkvæmd að ræða.“

Það er stefna einnig stefna aðalskipulags Fljótsdalshéraðs að vera öðrum fyrirmynd með því að sýna ábyrgð gagnvart umhverfi og komandi kynslóðum. Því er lögð áhersla á að skipulag landnotkunar og byggingarframkvæmdir grundvallast á því að valda sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, m.a. er tillit tekið til fjölbreytileika lífríkis. Lögð er áhersla á umhverfissvænar lausnir í hönnun mannvirkja og að þau falli sem best að svipmóti landslags og náttúru sem fyrir er. Við efnistöku á byggingarsvæðum og frágang þeirra eru umhverfisleg sjónarmið höfð að leiðarljósi og þess gætt að jarðvegsefni séu nýtt sem næst efnistökuastað.

2.3.6 Verndaráætlanir

Svæðið er ekki á náttúruminjasrá, er ekki friðlýst eða hverfisverndað og telst ekki vera mikilvægt fuglasvæði. Svæðið er á Náttúrumæraskrá Fljótsdalshéraðs 2008 en það er skrá yfir svæði sem skara fram úr hvað snertir landslag eða lífríki og talin sérstök ástæða til að halda verndarhendi yfir á Fljótsdalshéraði og skv. gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs skal hafa hana til hliðsjónar við ákvarðanatöku um landnotkun. Skv. náttúrumæraskránni er Gilsárgil metið með miðlungs verndargildi.

2.3.7 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og aðliggjandi svæði. Unnið er að gerð deiliskipulags samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

2.3.8 Umhverfisstefna Orkusölnunar

Framkvæmdaraðili virkjunarinnar er Orkusalan ehf. Hlutverk Orkusölnunar er að framleiða, kaupa og selja rafmagn til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um allt land. Orkusalan leggur áherslu á í sinni umhverfisstefnu að skapa nýja möguleika í framleiðslu og sölu á endurnýjanlegri orku. Orkusalan hefur það að leiðarljósi að lágmarka mengun og vernda umhverfið og lífríkið við rekstur fyrirtækisins. Orkusalan fylgir lögum og reglugerðum í umhverfismálum og gengur lengra þegar það á við. Orkusalan hefur innleitt umhverfisstjórnun og skuldbundið sig til að vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum og leggur áherslu á að sinna umhverfisrannsóknum sem varða virkjanir.

2.3.9 Orkustofnun

Orkustofnun og landshlutafélög hafa unnið nokkrar skýrslur um mögulega virkjanakosti en Orkustofnun vinnur með stjórnvöldum og iðnaði til að móta örugga og sjálfbæra orkufram tíð fyrir alla. Árið 2020 kortlagði Vatnaskil smávirkanakosti í sveitarfélögum á Austurlandi fyrir Orkustofnun. Lagt var upp með að finna kosti á stærðarbilinu 100 kWe upp í 10 MWe. Um algjöra frumathugun var að ræða sem hafði það að leiðarljósi að draga fram flesta kosti sem vert gæti verið að kanna nánar. Kortlagðir voru 277 smávirkanakostir á Fljótsdalshéraði og var Gilsá ein af þeim.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu tekur til breytinga í greinargerð og á sveitarfélagsupprætti B.

3.1 Breyting á sveitarfélagsupprætti B

Breyting á sveitarfélagsupprætti B fellst í því að hluti af landbúnaðarsvæði og óbyggðu svæði í Gilsárdal verður skilgreint sem I16 iðnaðarsvæði og sjö ný efnistöku- og efnislosunarsvæði staðsett E173-E179.

Sjá breytingu á upprætti aftast í greinargerðinni.

3.2 Breyting á greinargerð

Í kafla 9.7 um iðnaðarsvæði er eftirfarandi línu bætt við:

I16	Gilsárvirkjun	Svæði fyrir allt að 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem saman stendur af stíflu, inntakslóni, yfirfalli, þrýstipípu, hliðarinntökum, stöðvarhúsi, frárennslisskurði og þjónustuvegi.	65,6 ha
-----	---------------	--	---------

Í kafla 9.10 um efnistökusvæði er línu um efnistökusvæði við Gilsárteig breytt:

Tafla skv. gildandi aðalskipulagi:

E23	Gilsárteigur
-----	--------------

Tafla skv. breytingu á aðalskiplagi:

E23	Gilsárteigur	Malarnáma. Heildarefnistaka er 11.500 m ³ . Að efnistöku lokinni skal svæðið sléttað og yfirborð mótað að aðliggjandi landi.	0,2 ha
-----	--------------	---	--------

Í kafla 9.10 um efnistökusvæði er eftirfarandi línum bætt við:

E173	Gilsárvirkjun	Malarnáma. Heildarefnistaka er 14.500 m ³ . Að efnistöku lokinni skal svæðið sléttað og yfirborð mótað að aðliggjandi landi.	0,3 ha
E174	Gilsárvirkjun	Malarnáma. Heildarefnistaka er 21.500 m ³ . Að efnistöku lokinni skal svæðið sléttað og yfirborð mótað að aðliggjandi landi.	0,2 ha

E175	Gilsárvirkjun	Malarnáma. Heildarefnistaka er 1.500 m ³ . Að efnistöku lokinni skal svæðið sléttað og yfirborð mótað að aðliggjandi landi.	0,1 ha
E176	Gilsárvirkjun	Malarnáma. Heildarefnistaka er 5.000 m ³ . Að efnistöku lokinni skal svæðið sléttað og yfirborð mótað að aðliggjandi landi.	0,3 ha
E177	Gilsárvirkjun	Malarnáma. Heildarefnistaka er 6.500 m ³ . Að efnistöku lokinni skal svæðið sléttað og yfirborð mótað að aðliggjandi landi.	0,3 ha
E178	Gilsárvirkjun	Malarnáma. Heildarefnistaka er 7.500 m ³ . Að efnistöku lokinni skal svæðið sléttað og yfirborð mótað að aðliggjandi landi.	0,4 ha
E179	Gilsárvirkjun	Áreyrar í lónstæði Gilsárvirkjunar sem fer undir vatn að framkvæmdum loknum. Heildarefnistaka er 7.000 m ³ .	0,6 ha

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfismat er unnið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 en skv. þeim lögum fellur framkvæmdin í tl. 3.15 í 1. viðauka, þar sem um er að ræða vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira. Við matið er stuðst ríkulega við gögn úr umhverfismatsskýrslu dags. 10.06.2025, sem var til kynningar inn á skipulagsgátt frá 13.06.2025-25.07.2025.

Mat á líklegum umhverfisáhrifum er m.a. ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku.
- Aðstoða við val á milli valkosta með samanburði á umhverfisáhrifum.
- Bregðast við hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum eða mótun á mótvægisáðgerðum.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir: „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og nái til fjölda fólks eða þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

Tafla 1. Vægi áhrifa

VÆGI ÁHRIFA	SKÝRING
Jákvæð	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar er yfirleitt

	varanleg og getur verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands- eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfispáttar/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarka stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óviss	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

4.2 Valkostir og samanburður

Ekki komu fleiri kostir til greina en valinn kostur (aðalskipulagsbreyting) og núll kostur sem fellst í óbreyttu ástandi skv. gildandi aðalskipulagi:

1. Núll kostur – Gildandi skipulag.

Þar er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu Gilsárvirkjunar og þar með ekki skilgreind ný landnotkun fyrir virkjun og efnisstöku vegna virkjunarinnar.

2. Valinn kostur – Aðalskipulagsbreyting.

Þar er gert ráð fyrir uppbyggingu Gilsárvirkjunar og ný landnotkun skilgreind fyrir virkjun og efnisstöku vegna hennar.

4.3 Umhverfisþættir og viðmið

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, dýralíf, landslag eða samfélag, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af breytingu aðalskipulagsins. Áhrif á einstaka þætti umhverfisins eru metnir og gefin er einkunn, m.a. eftir hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við umhverfismatið byggja á tveimur megin þáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreinda umhverfispátta sem gætu orðið fyrir áhrifum af aðalskipulagsbreytingunni og leitast við að svara matsspurningum:

Tafla 2. Yfirlit yfir umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Gróður	Hefur breytingin áhrif á gróður?	Válistar NÍ.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
	Hefur breytingin áhrif á plöntur á valista?	Vistgerðarkortlagning NÍ. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028.
Dýralíf	Hefur breytingin áhrif á dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
Vatnafar og vatnalíf	Mun breytingin hafa áhrif á rennsli Gilsár? Mun breytingin hafa áhrif á lífríki Gilsár?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Vatnaáætlun Íslands.
Jarðmyndanir	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
Landslag og ásynd	Hefur breytingin áhrif á ásynd svæðisins? Hefur breytingin áhrif á landslag? Hefur breytingin sjónræn áhrif?	Landsskipulagsstefna 2024-2038.
Náttúru- og menningarminjar	Hefur breytingin áhrif á fornminjar? Hefur breytingin áhrif á náttúruminjar? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?	Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á atvinnulíf í sveitarfélaginu? Mun breytingin hafa áhrif á notkun svæðisins til útivistar? Mun breytingin hafa áhrifin á beitarlönd fyrir búfé á svæðinu?	Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Landsskipulagsstefna 2024-2038. Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044.
Landnotkun	Hefur breytingin áhrif á nýtingarmöguleika á svæðinu og nálægra svæða?	Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028.
Loftslag	Stuðlar breytingin að orkuskiptum í samgöngum? Hefur breytingin áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?	Landsskipulagsstefna 2024-2038. Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044. Aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland 2040. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku. Parísarsamningurinn.

4.4 Umhverfisáhrif

Núllkostur:

Engin áhrif verða á gróður, dýralíf, jarðmyndanir, vatnafar og vatnalíf, landslag og ásynd, náttúru- og menningarminjar og landnotkun. Aftur á móti hefur óbreytt ástand bæði jákvæð og neikvæð áhrif á samfélag og loftslag. Ósnortin náttúra hefur bæði efnahagslegt og samfélagslegt gildi fyrir íbúa m.a. vegna ferðaþjónustu og almenna útivist sem stuðlar að heilsu og vellíðan íbúa. Óröskuð vistkerfi gegna einnig mikilvægu hlutverki í bindingu kolefnis og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Neikvæðu áhrifin má helst rekja til orkuöryggis, þar sem atvinnulíf á Austurlandi hefur mátt búa við raforkuskort undanfarin ár sem veldur því að fyrirtæki hafa í auknum mæli verið að brenna olíu til raforkuframleiðslu. Einnig hafa byggðarkjarnar með fjarvarmaveitu þurft að brenna olíu og timburkurl síðustu ár.

Valinn kostur:

Áhrif á *gróður* er metin óveruleg. Röskun mun verða á gróðri á afmörkuðu svæði, áhrifin eru staðbundin, raski haldið í lágmarki með því að láta pípu og veg fylgja núverandi vegi upp dalinn eins og kostur er. Stíflan og lónið er að stærstum hluta í núverandi árfarvegi Gilsár sem er grýttur og gróðurlítill. Gróður svæðisins er hvorki sjaldgæfur á svæðis- né landsvísu og engar sjaldgæfar eða friðlýstar æðplöntur finnast á svæðinu.

Áhrif á *dýralíf* eru metin óveruleg. Tímabundin áhrif og áreiti munu vera á framkvæmdartíma en þegar fram líða stundir og framkvæmd lokið munu fuglar og hreindýr geta nýtt svæðið að mestu leyti með sama hætti og áður. Rennslisbreytingar milli stíflu og stöðvarhúss munu hafa áhrif á vatnafugla en á sama tíma geta áhrifin verið jákvæð þar sem myndast nátt- og fellistaður andfugla á inntakslóni.

Áhrif á *jarðmyndanir* er metin óveruleg. Alls er fyrirhugað að taka efni úr 7 nýjum námum og einni núverandi námu. Við lok framkvæmdar er gengið frá námum á viðeigandi hátt, svæðið sléttað og lagað að aðliggjandi landi. Ekkert rask mun verða á jarðmyndunum sem njóta verndar. Hins vegar mun vera sýnileg áhrif á fossa þegar rennsli í ánni er lítið en áhrifin eru að fullu afturkræf.

Áhrif á *vatnafar og vatnalíf* eru metin lítil neikvæð. Veruleg skerðing verður á rennsli milli stíflu og stöðvarhúss en áhrifin eru að fullu afturkræf en á því svæði er lítið og frábrotið vatnalífriki. Af náttúrulegum orsökum eins og síðsumars á þurrum sumrum og í frostaköflum á veturna mun rennsli árinna hins vegar fara allt um aðrennslispípu. Við þær aðstæður verður skert rennsli milli stíflu og stöðvarhúss. Einnig kann að gæta áhrifa niður fyrir stöðvarhús í tengslum við rekstur virkjunarinnar. Virkjunin mun rjúfa samfellu og valda breytingum á rennsli í viðkomandi vatnshloti. Á framkvæmdatíma verða skammtímaáhrif eins og t.d. aukið grugg í vatni vegna bygginga mannvirkja og efnistöku í árfarveginum. Áhrif á *landslag og ásynd* eru metin neikvæð. Mannvirki tengd Gilsárvirkjun, einkum stöðvarhús, stífla og vegir munu breyta ásynd og landslagi á svæðinu. Áhrifin ná til svæðis sem ekki er friðlýst eða á náttúruminjasrá. Mannvirki munu ekki sjást úr byggð eða frá vegum og munu falla vel inn í landið svo ásyndaráhrifin er einkum bundin við nærumhverfi mannvirkja.

Áhrif á *náttúru- og menningarminjar* er metin óveruleg. Þær fornminjar sem metnar eru í hættu vegna nálægðar við framkvæmdarsvæði verða girtar af á framkvæmdartíma. Engar friðlýstar fornminjar eru á svæðinu.

Áhrif á *samfélag* eru metin jákvæð. Framkvæmdin kallar á töluverð umsvif og þjónustu en virkjunin skapar atvinnutækifæri á undirbúningsstigi og á framkvæmdastigi. Á rekstrartíma er ekki gert ráð fyrir fastri viðveru starfsfólks heldur munu starfsmenn Orkusölunnar á Egilsstöðum sinna rekstri virkjunarinnar ásamt iðnaðar- og tæknifólki af svæðinu og mun það efla starfsemi Orkusölunnar á Austurlandi. Virkjunin eykur afhendingaröryggi raforku í landshlutanum sem hefur mátt þola raforkuskerðingu. Með endurbættum vegi upp dalinn opnast möguleikar fyrir mun fleiri að nýta sér Gilsárdal til útivistar.

Áhrif á *landnotkun* eru metin óveruleg. Framkvæmdin kallar á breytta landnotkun þar sem iðnaðarsvæði kemur á svæði sem í dag er landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði. Breytingin skerðir þó ekki nýtingarmöguleika jarðeigenda þar sem tún og ræktarland skerðast ekki og áfram verður hægt að nýta svæðið sem beitarland.

Áhrif á *loftslag* er metin jákvæð. Virkjunin styður við aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland 2040 um að draga úr losun vegna orkuframleiðslu og orkuskipti í samgöngum. Virkjunin eykur afhendingaröryggi raforku í landshlutanum sem hefur mátt þola raforkuskerðingu og mun þ.a.l. draga úr bruna á jarðefnaeldsneyti til orkuöflunar.

4.5 Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta

Tafla 3. Samantekt á umhverfisáhrifum.

UMHVERFISÁHRIF AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR		
UMHVERFISÞÁTTUR	VALINN KOSTUR	NÚLL KOSTUR
Gróður	Óveruleg áhrif – áhrifin eru tímabundin og öllu raski haldið í lágmarki.	Engin áhrif.
Dýralíf	Óveruleg áhrif – tímabundið áreiti á framkvæmdartíma.	Engin áhrif.
Vatnafar og vatnalíf	Lítil neikvæð áhrif – skerðing á rennsli árinna og milli stöðvarhúss og stífla en þó ekki rennisskerðing á fiskgeng svæði.	Engin áhrif.
Jarðmyndanir	Óveruleg áhrif – Ekkert rask á jarðmyndunum sem njóta verndar. Sýnileg áhrif á fossa þegar rennsli í ánni er lítið.	Engin áhrif.
Landslag og ásýnd	Neikvæð áhrif – Mannvirki tengd virkjuninni, einkum stöðvarhús, stífla og vegir breyta ásýnd á svæðinu en einkum bundið við nærumhverfi mannvirkjana.	Engin áhrif.
Náttúru- og menningarminjar	Óveruleg áhrif – Engar friðlýstar fornminjar á svæðinu. Þær fornminjar sem eru í hættu vegna nálægðar við framkvæmd verða girtar af.	Engin áhrif.
Samfélag	Jákvæð áhrif – Umsvif og þjónusta á undirbúningsstigi og á framkvæmdastigi. Eykur afhendingaröryggi raforku í landshlutanum.	Jákvæð/Neikvæð áhrif – áfram raforkuskortur í landshlutanum.
Landnotkun	Óveruleg áhrif – Skerðir ekki nýtingarmöguleika svæðisins.	Engin áhrif.
Loftslag	Jákvæð áhrif – Styður við aðgerðir stjórnvalda og dregur úr bruna jarðefnaeldsneytis.	Jákvæð/Neikvæð áhrif – fyrirtæki í landshlutanum halda áfram að brenna olíu til raforkuframleiðslu.

4.6 Niðurstaða sveitarstjórnar

Sveitarfélagið hefur tekið afstöðu til breytingarinnar í samræmi við 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 og heimilar breytingu á landbúnaðarlandi yfir í iðnaðarsvæði. Breytingin er í samræmi við gildandi stefnu aðalskipulags en skipulagssvæðið er í einkaeigu. Ekki hefur farið fram flokkun á landbúnaðarlandi í sveitarfélaginu með tilliti til hæfni til ræktunar en sú vinna er nú í gangi í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Múlapings. Framkvæmdin kemur ekki til með að raska ræktuðu landi og kemur ekki til með að hamla því að landið verði áfram nýtt eins og verið hefur.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG SAMRÁÐ

5.1 Skipulags- og matslýsing

Málsmeðferð hófst með gerð og kynningu skipulagslýsingar. Lýsingin sem sett var fram var sameiginleg lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og vegna deiliskipulags Gilsárvirkjunar. Skipulagslýsingin var auglýst frá 24. nóvember 2023 – 22. desember 2023, einnig var lýsingin send til umsagnaraðila. Umsagnir bárust frá: Skipulagsstofnun og Helga Ómari Bragasyni.

5.2 Auglýsing á vinnslutillögu

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu var kynnt vinnslustigi frá 21.05.2025 – 18.06.2025 þar sem íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gafst kostur á að senda inn ábendingar/athugasemdir. Vinnslutillögurnar voru einnig sendar á umsagnaraðila og bárust umsagnir frá: Mílu, Náttúruverndarstofnun, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun, Svæðisskipulagsnefnd samband sveitarfélaga á Austurlandi, Rarik, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Helga Ómari Bragasyni, HEF-veitum og Minjastofnun Íslands.

5.3 Auglýsing á tillögu

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu var auglýst frá 29.09.2025 - 10.11.2025 þar sem íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gafst kostur á að senda inn ábendingar/athugasemdir. Umsagnir bárust frá: Fiskistofu, Svæðisskipulagsnefnd Austurlands, Umhverfis-og orkustofnun, Hafrannsóknarstofnun, Náttúruverndarstofnun, RARIK, Vopnafjarðarhreppi, Vegagerðinni, HEF veitum, Minjastofnun Íslands og Náttúrufræðistofnun.

5.4 Breyting að lokinni auglýsingu dags. 14.11.2025

Í kafla 4.4 í greinargerð var skerpt á umhverfisáhrifum framkvæmdar er varðar rennslisbreytingar og áhrif á vatn í ánni á framkvæmdartíma. Einnig voru tilgreind jákvæð áhrif á núllkost er varðar samfélag og loftslag. Engin breyting er gerð á uppdraetti.

5.5 Umsagnaraðilar

Óskað er eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Fiskistofa
- Hafrannsóknastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Míla
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Austurlands

- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Skipulagsstofnun
- Svæðisskipulagsnefnd Austurlands
- Veiðifélag Gilsár og Selfljóts
- Vegagerðin

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	- 9 mars 2026
Málnr.	
2023 11089	
EFLA VERKFRÆÐISTOFA	